



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 12. desember 2019 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Ólafur Þór Ólafsson sat fundinn undir þriðja dagskrálið.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Gjaldskrá 2020

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá sveitarfélagsins og stofnana fyrir árið 2020, sem sveitarstjóri kynnti. Sveitarstjórn ræddi gjaldskrána en samþykkti hana síðan með áorðnum breytingum.

2. Álagningareglur fasteignagjalda fyrir árið 2020

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningastuðlum útsvars og fasteignagjalda sem sveitarstjórn ræddi. Eftirfarandi álagningareglur voru samþykktar:

Útsvar

Álagning útsvars í sveitarféluginu verði 14,52% á tekjuárinu 2020

Fasteignagjöld

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,48%** af álagningarástofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningarástofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,65%** af álagningarástofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmark 7.400 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 37.200 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,24%** af fasteignamati lóða og mannvirkja.

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **45.255 kr./ibúð** fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu.

Sorpeyðingargjald verði **14.260 kr./sumarhús** og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **5.060 kr./hús** í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.



Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamatí.

Lóðaleiga verði **7.442 kr./ha.**

Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega:

Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. **40.000,-** hjá:

- | | |
|--|------------------|
| • Einstaklingum með tekjur allt að | 3.736.000 kr/ári |
| • Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að | 6.106.706 kr/ári |

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. **20.000,-** hjá:

- | | |
|--|------------------|
| • Einstaklingum með tekjur allt að | 4.670.807 kr/ári |
| • Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að | 7.633.382 kr/ári |

3. Fjárhagsáætlun 2020-2023 (seinni umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2020-2023 til seinni umræðu. Bókari gerði grein fyrir helstu breytingum frá fyrri umræðu. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginþætti hennar. Fjárhagsáætlun fyrir 2020-2023 var samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum. Í rekstraryfirliti áætlunar 2020 kemur fram að heildartekjur samstæðunnar eru áætlaðar 650,7 milljónir, þar af eru skatttekjur 486 milljónir og rekstrartekjur 164,7 milljónir. Rekstrargjöld eru áætluð 652,4 milljónir og þar af kostnaður vegna launa áætlaður 311,8 milljónir. Fjármagnsliðir eru áætlaðir jákvæðir um 3,3 milljónir og rekstrarniðurstaða samstæðu áætluð jákvæð um 1,7 milljónir. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 59 milljónir. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 87,7 milljónir. Stærstu fjárfestingaþættir í áætlun eru 46,8 milljónir vegna fasteigna og gangstéttu og 14 milljónir vegna hafnarframkvæmda. Að teknu tilliti til fjárfestingahreyfinga er áætlað að handbært fé lækki um 38 milljónir og handbært fé í árslok verði 377,6 milljónir. Í áætlun áranna 2020-2023 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

Sveitarstjórn þakkar starfsfólki fyrir vandaða vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

4. Samningur um yfirtöku á götulýsingarkerfi

Fyrir fundinum lá samningur við Rarik um afhendingu á götulýsingarkerfi sveitarfélagsins til eignar. Miðað er við að Sveitarfélagið Skagaströnd taki götulýsingarkerfið yfir þann 1. janúar 2020. Sveitarstjórn ræddi samninginn og fól sveitarstjóra að undirrita hann.



5. Bréf

a. Vesturbyggðar dags. 16.10.2019

Fyrir fundinum lá erindi Vesturbyggðar sem inniheldur áskorun til ráðherra um endurskoðun ákvæða hafnalaga nr. 61/2003 vegna fiskeldis. Erindið var til kynningar.

b. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 13.11.2019

Fyrir fundinum lá erindi og minnisblað Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í tengslum við uppkvaðningu úrskurðar í máli þar sem deilt var um ákvörðun vatnsveitu á upphæð vatnsgjalda. Farið er fram á að gjaldskrár vatnsveitna sveitarfélaga verði yfirfarnar og áréttáð að óheimilt er að taka mið af arðsemiskröfu af því fjármagni sem bundið er í rekstri vatnsveitna við ákvörðun á upphæð vatnsgjalda í gjaldskrá vatnsveitna sinna skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Þá er sveitarfélögum einnig óheimilt að greiða sér arð úr rekstri vatnsveitna. Óskað er eftir upplýsingum um þau atriði og gögn sem gjaldskrá sveitarfélagsins er varða vatnsgjald skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga byggja á. Var sveitarstjóra falið að svara erindinu.

c. Skipulags- og byggingafulltrúa Skagafjarðar dags. 15.11.2019

Fyrir fundinum lá skipulags- og matslýsing Sveitarfélagsins Skagafjarðar og óskað eftir umsögn. Var sveitarstjóra falið að senda inn umsögn.

d. Norðurár bs. dags. 18.11.2019

Fyrir fundinum lá erindi frá Norðurá bs. þar sem tilkynnt er er um hækjun á gjaldskrá á urðunarstaðnum Stekkjavík. Erindið var til kynningar.

e. Jóns Garðar Sveinssonar dags. 18.11.2019

Með erindinu er óskað eftir því að sveitarfélagið greiði kostnað vegna vindvarna við sumarhús á tjaldsvæði. Sveitarstjórn ræddi erindið en synjaði því.

f. Tölvubréf Guðlaugar Grétarsdóttur dags. 22.11.2019

Með erindinu óskar Guðlaug Grétarsdóttir eftir úrsögn úr tómstunda- og menningarmálaneftnd. Sveitarstjórn samþykkti úrsögn úr nefndinni og þakkaði Guðlaugu fyrir störf sín.

g. Birkis Karls Sigurðssonar dags. 24.11.2019

Með bréfinu sendir Birkir Karl kynningu á skáknámskeiðum sem hann býður upp á að halda fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni. Erindið var til kynningar.



h. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 02.12.2019

Með erindinu eru kynntar breytingar sem gera þarf á samþykktum sveitarfélagsins um stjórn og fundarsköp vegna laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum. Sveitarstjóra var falið að vinna að þeim breytingum sem gera þar.

i. Aflsins dags. 6.12.2019

Með bréfinu er óskað eftir styrk til þróunar Aflsins, samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi. Sveitarstjórn samþykkti að veita 50.000 kr. styrk.

j. Skúla Einarssonar dags. 6.12.2019

Með bréfinu er óskað eftir styrk að upphæð 40.000 kr. vegna jólatónleika sem haldnir voru í Fellsborg á Skagaströnd þann 8. desember sl. Sveitarstjórn samþykkti að veita styrkinn.

k. Tölvubréf Stefáns Sveinssonar f.h. U.M.F. Fram og Björgunarsveitarinnar Strandar Skagaströnd dags. 6.12.2019

Með bréfinu er óskað eftir styrk vegna sameiginlegrar flugeldasýningar hjá U.M.F. Fram og Björgunarsveitarinnar Strönd. Sveitarfélagið ræddi erindið og samþykkti að veita 35.000 kr. styrk.

6. Fundargerðir

a. Siglingaráðs dags. 3. október 2019

Fundargerð var til kynningar.

b. Norðurár dags. 30. október 2019

Fundargerð var til kynningar.

c. Hafnasambands Íslands dags. 18. nóvember 2019

Fundargerð var til kynningar.

d. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29. nóvember 2019

Fundargerð var til kynningar.

e. Stjórnar SSNV dags. 3. desember 2019

Fundargerð var til kynningar.

f. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 26. nóvember 2019

Fundargerð var til kynningar.



g. Stjórnar Félags- og skólapjónustu A-Hún, dags. 6. desember 2019

Í fundargerð stjórnar kemur fram að fjárhagsáætlun Félags- og skólapjónustu fyrir árið 2020 hafi verið samþykkt. Í áætlun er gert ráð fyrir að heildartekjur samstæðunnar nemi 257,3 milljónum og heildargjöld 238,9 milljónum. Rekstrarniðurstaðan er því jákvæð um 18,3 milljónir. Í sjóðstreymi kemur fram að handbært fé frá rekstri er áætlað 1 milljón og afborganir langtímalána 4,7 milljónir. Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 28,2 milljónir fjármagnaðar með handbæru fé. Í yfirliti um skiptingu heildarframlaga milli sveitarfélaga kemur fram að framlög til félagsþjónustu eru áætluð 103,3 milljónir, til skólapjónustu 20,9 milljónir, vegna dreifnáms 4,5 milljónir og til öldrunarmála 1,5 milljónir. Samtals 130,1 milljón. Skiptin heildarkostnaðar milli sveitarfélaganna er þannig: Blönduós 51,5%, Skagaströnd 24,2%, Skagabyggð 4,7% og Húnnavatnshreppur 19,6%.

Sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við áætlunina.

7. Önnur mál

Umræður urðu um akstur vélknúinna ökutækja um göngustíga í sveitarféluginu. Var sveitarstjóra falið að senda bréf til íbúa að Suðurvegi 10-16 og áréttu að óheimilt sé að keyra vélknúin ökutæki um göngustíga sem eðli máls samkvæmt eru ætlaðir umferð gangandi vegfarenda.

Oddviti lagði til að sveitarfélagið styrki Hólaneskirkju og Rauðakrossdeildina um 150.000 kr. sem verði nýttar til stuðnings heimilum sem þurfa á fjárhagsstuðningi að halda í tengslum við jólahald. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn vill koma á framfæri kærum þökkum til allra viðbragðsaðila sem tryggðu öryggi íbúa og komu í veg fyrir stórfellt eignatjón í sveitarféluginu í þeim veðurham sem gekk yfir landið síðastliðna daga. Einnig er íbúum hrósað fyrir góðan frágang á lausamunum þar sem ekki er vitað til þess að nokkurt tjón hafi orðið að völdum foks.

Sveitarstjórn þakkar öllu starfsfólki sveitarfélagsins vel unnin störf á árinu sem er að líða og óskar þeim og öllum íbúum gleðilegra jóla og farseldar á komandi ári.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.11:10

Halldór G. Ólafsson

Róbert Kristjánsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Guðmundur Egill Erlendsson



Sveitarstjórn Skagastrondar
Fundargerðir

Kristín B. Leifsdóttir
Kristín B. Leifsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir
Alexandra Jóhannesdóttir